

Gildir frá 01.07.2025

Kalt vatn

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

Almenn vatnsnotkun:

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Reykjavík og Akranes	5.582	kr/matseining / ár
Fermetragjald		216,66	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Álftanes	8.125	kr/matseining / ár
Fermetragjald		315,30	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Stykkishólmur	7.281	kr/matseining / ár
Fermetragjald		282,52	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Grundarfjörður	8.165	kr/matseining / ár
Fermetragjald		359,42	kr/m ² / ár

Tegund	Svæði	Kr.	Grunnur
Fastagjald	Borgarbyggð og Úthlíð	9.270	kr/matseining / ár
Fermetragjald		408,07	kr/m ² / ár

Skýringar:

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu (fastanúmer) og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign í samræmi við ofangreind lög.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi.

Vatnsgjald er miðað við byggingarvísitölu og uppfæriskv. henni í nóvember ár hvert.

Vatnsgjaldið fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamati.

Fyrir vatnsveitur í sumarhúsabyggðum verður árlegt vatnsgjald þó að lágmarki kr. 43.557.

Heimilt er Veitum að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum (7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004).

Tegund	Kr.	Grunnur
Notkunargjald	48,19	kr/m ³
Byggingavatn	222,58	kr/dag
Kalt vatn í heildsölu	54,79	kr/m ³

Skýringar:

Notkunargjald er miðað við byggingarvísitölu og uppfæriskv. henni á 3ja mánaða fresti.

Heimilt er að innheimta notkunargjald samkvæmt áætlun, ef ekki er unnt að koma við mælingu. Byggingavatn er aðgangur að vatni til byggingaframkvæmda eða skammtímanotkunar og uppfæriskv. byggingarvísitölu á 3ja mánaða fresti. Kalt vatn í heildsölu á við í þeim tilvikum þar sem afhending er við stofnlögn vatnsveitu og dreifikerfi er í eigu annarra, kalt vatn í heildsölu uppfæriskv. byggingarvísitölu á 3ja mánaða fresti.

Fast gjald á fyrirtæki, háð stærð mælis:

Stærð mælis	Fast gjald	Fast gjald fyrir brunna ¹	Grunnur
15 mm	57,38	191,49	kr/dag
20 mm	58,41	192,50	kr/dag
25 mm	75,20	209,29	kr/dag
32 mm	84,27	218,37	kr/dag
40 mm	101,38	235,51	kr/dag
50 mm	123,99	258,15	kr/dag
65 mm	167,24	301,07	kr/dag
80 mm	324,49	458,91	kr/dag
100 mm og stærri	341,15	475,66	kr/dag

Skýringar:

Fast gjald stendur fyrir föstum kostnaði óháðum notkun. Gjöldin eru uppfærð á 3ja mánaða fresti í samræmi við byggingarvísitölu.

¹Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

Verðskrá sjóveitu:

Inntak (mm)	Heimæðagjald Kr	Fastagjald kr/dag	Breytilegt gjald kr/m ³
25 - 40	721.919	351,21	167,24
50 - 75	1.624.314	878,09	167,24
90 - 110	3.068.156	1.404,87	167,24

Skýringar:

Sjóveita er aðeins í boði á takmörkuðu svæði í næsta nágrenni við sjóveitulögn sem lögð hefur verið.

Gjöldin eru uppfærð á 3ja mánaða fresti í samræmi við byggingarvísitölu.

Heimæðar:

Almenn verð heimæða gilda á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verð gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum, þar greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun. Almennt gildir að verðskrárverð eru grunnverð og ekki veittur afsláttur frá þeim. Geri húseigandi, sveitarfélag eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitafélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna, inntaksbúnaðar og á inntaksstað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

Tengigjöld í þéttbýli:

Neðangreind verð miðast við að umsækjandi hafi lagt ídráttarrör á frostfríu dýpi frá tengistað Veitna við lóðarmörk að inntaksstað í húsi sem Veitur hafa samþykkt. Stærð heimæðar tekur mið af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar fyrir íbúðarhúsnæði tekur mið af fjölda íbúða (töppunarstaða). Tengigjöld bera ekki virðisaukaskatt og verðið er uppfært á 3ja mánaða fresti miðað við byggingarvísitölu.

Taxti	Nafnmál Tommumál	Þvermál inntaks	Verð kr.
H1K	1"	32 mm	377.917
H1K	1¼"	40 mm	540.069
H1K	1½"	50 mm	771.807
H1K	2"	63 mm	1.117.130
H1K	2½"	75 mm	1.476.574
H1K	3"	90 mm	1.976.718
H1K	4"	110 mm	2.725.125
H1K	6"	180 mm	5.992.285
H1K	8"	225 mm	8.563.445
H1K	10"	280 mm	12.150.924

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi, fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar. Stærri heimæðar en 110 mm (4") eru gjaldfærðar í samræmi við raunkostnað, miðað er við sömu uppfærslureglu eftir stærðum og í töflunni og til viðbótar er tekið mið af flutningsgetu götu- eða stofnæðar sem aðliggjandi er.

Byggingavatn og brunnar:

Byggingavatnskrani til og með 50 mm	Verð kr.
Uppsettur byggingavatnskrani, heildarvinna ¹	122.968
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið	106.778
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa	282.259
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhengingu ²	93.683

Skýringar:

¹ Þetta verð gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk. Veitur leggja til búnað við tengingu byggingavatns. Notandi greiðir daggjald í samræmi við verðskrá fram að aftengingu. Byggingavatnskrani er aftengdur um leið og heimæð er tengd inn í hús samkvæmt umsókn, þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað. Heimilt er að innheimta gjald fyrir aftengingu strax við tengingu.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggja Veitur til brunninn og koma honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig tengigjald í samræmi við umsóttu stærð.

Tengigjöld fyrir frístundahús:

Staðsetning	Málstærð	Verð kr.
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	1.096.249
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð Veitna	25 mm	787.275

Skýringar:

Þessi verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Lengri heimæð en 100 m eða stærri heimæð gjaldfærist í samræmi við kostnaðaráætlun. Umsækjandi greiðir aukakostnað vegna klapparbrots.

Önnur tengipjónusta:

Taxti	Skýring	án vsk. kr.
H10	Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	79.362

Heimilt er að falla frá þessu gjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

Merki frá mæli fyrir notanda

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

Taxti	Skýring	án vsk. kr.
H6K	Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	44.477
H7K	Ótímabær mælaskipti, 15-20 mm	13.763
H8K	Ótímabær mælaskipti, 25-50 mm	34.406
H9K	Ótímabær mælaskipti, ≥ 65 mm	41.288

Þjónustugjöld:

Seðilgjald eða tilkynningar- og greiðslugjald bætist við eftir því sem við á samkvæmt verði á hverjum tíma en það byggist á raunkostnaði. Jafnframt bætist við gjald vegna innheimtuviðvörðunar ef til vanskila kemur, 20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Skýring	Kr.
Aukaálestur	6.982
Skipting reiknings ¹	3.713
Lokunargjald ²	8.727
Opnun utan dagvinnutíma ³	25.190

Skýringar:

¹ Frá 15. sept. 2015 gildir þetta einungis um veitur sem skipt var fyrir þann tíma.

Þessi þjónusta er ekki lengur í boði.

² Ef þörf verður á víðtækari framkvæmd við lokunaraðgerð eins og að grafa niður á heimæð og loka fyrir hana bætist raunkostnaður framkvæmdanna við önnur vanskilagjöld.

³ Sé óskað eftir að opnun sé framkvæmd utan dagvinnutíma.